



**Kortlagning á reynslu innflytjendakvenna af ofbeldi í nánnum samböndum og ofbeldi á vinnustað: Grunnrannsókn**

# Ert þú kona og innflytjandi sem hefur áhuga á að taka þátt í viðtali fyrir rannsóknarverkefni?

## Um hvað snýst rannsóknin?

Rannsóknarhópur innan deildar menntunar og margbreytileika við Háskóla Íslands stendur fyrir rannsókn um innflytjendakonur á Íslandi sem hafa orðið fyrir neikvæðri reynslu – líkamlegri, andlegri, sálrænni, kynferðislegri, fjárhagslegri eða af öðru tagi – í nánnum samböndum og á vinnustöðum eða þeim tengdum. Rannsóknin sem er um ofbeldi í nánnum samböndum og vinnustaðatengt ofbeldi er leidd af rannsakerndum sem bæði eru af íslensku og erlendu bergi brotnir. Aðalrannsakendur eru dr. Brynja E. Halldórsdóttir dósent og dr. Jón Ingvar Kjara professor. Markmið rannsóknarinnar er að skoða neikvæða reynslu innflytjendakvenna af nánnum samböndum, vinnustaðatengt ofbeldi og reynslu innflytjendakvenna af samtökum og opinberum stofnunum sem veita þolendum ofbeldis þjónustu og aðstoð.

## Get ég tekið þátt?

Hugtakið innflytjandi tekur til fyrstu eða annarrar kynslóðar innflytjenda á Íslandi, sem þýðir að annaðhvort þú eða foreldrar þínir fæddust erlendis og fluttust síðar til Ísland. Ef þú ert 18 ára eða eldri og skilgreinir þig sem konu fellur þú einnig undir skilgreiningu rannsóknarinnar.

Við metum mikils að fá tækifæri til að heyra frá þér um reynslu þína. Vinsamlega hafðu samband við okkur á [iwev@hi.is](mailto:iwev@hi.is) til að bóka viðtal.

## Mikilvægt að vita

Áður en samþykki er veitt fyrir þátttöku í þessari rannsókn færðu frekari upplýsingar og getur borið fram spurningar varðandi þátttöku til að geta tekið upplýsta ákvörðun. Þátttaka er frjálss og öll svör nafnlaus. Þátttakendur munu ekki fá greiðslur af neinu tagi. Algjörum trúnaði er heitið.

Þú getur aflað þér nánari upplýsinga með því að skoða vefsíðu okkar [iwev.hi.is](http://iwev.hi.is)

Rannsóknin hefur verið send til Vísindasiðarnefndar Háskóla Íslands og fellur undir siðareglur fyrir rannsóknir við Háskóla Íslands (# SHV2021-065).